

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1979

14. mars 1979.

205

Nr. 118.

AUGLÝSING

um hækkun verðjöfnunargjalds af raforku.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 6, 13. mars 1979 hækkar verðjöfnunargjald af raforku úr 13% í 19% af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta frá og með 16. mars 1979.

Í samræmi við það hækkar útsöluverð í gjaldskrá rafveitna, sem verðjöfnunargjald er innheimt af skv. lögum nr. 83/1974, um 4.51% frá og með 16. mars 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 14. mars 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.